

202

27. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerð nr. 152 1. ágúst 1951,
um stóreignaskatt samkvæmt 12. gr. laga nr. 22 1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði ríkisskattaneðndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 31. janúar 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi síðasta málsgrein 1. gr. reglugerðar nr. 152 1. ágúst 1951.

Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

203

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, árið 1950.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1950, B. bls. 536):		
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 35900.20	
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 8448.67	
		kr. 64348.87
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini	kr. 1654.10	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1723.20	
c. — bankainnstæðu	— 282.51	
		3659.81
		Kr. 68008.68

G j ö l d :

1. Styrkur veittur	kr. 1450.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 36072.52
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 10486.16
	66558.68
	Kr. 68008.68

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 1951.

Jónas Guðmundsson,